



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**551. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 6. febrúar 2023
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Sóknaráætlun - Áhersluverkefni 2023 - 2211011

Útfærsla áhersluverkefna sóknaráætlunar til samræmis við umræður á starfsfundi stjórnar 13. janúar 2023.

Fyrir liggur bréf frá innviðaráðuneytinu er varðar skiptingu framlaga til sóknaráætlana landshluta 2023. Þá liggja fyrir drög að útfærslum áhersluverkefna 2023 og upplýsingar um það fjármagn sem til skiptanna er á árinu 2023.

Framkvæmdastjóri kynnir drögin og skiptingu fjármagns. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins kynnir nánar hugmyndir að útfærslu einstakra verkefna.

Umræður.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að ljúka við útfærslu áhersluverkefna ársins 2023 m.v.fyrirliggjandi drög og leggja fyrir fund stjórnar til samþykktar 20. febrúar nk.

2. Málefni kjarasamninga 2023 - 2301013

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga kynnir helstu atriði sem koma til skoðunar í yfirstandandi og væntanlegum kjarasamningsviðræðum.

Gestir

Inga Rún Ólafsdóttir

Niðurstaða:

Umræður

3. Stofnun Áfangastaðastofu - 2209012



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ofangreint var til umræðu á 549. fundi stjórnar hinn 9. janúar 2023 og eftirfarandi bókað í fundargerð:

"Skrifstofa SSH mun kalla eftir tilnefningum stjórnar SSH á þeim einstaklingum sem skipa munu stjórn fyrirhugaðrar áfangastaðastofu af hálfu SSH. Framkvæmdastjóra falið að framlengja samning við verkefnastjóra, Björn H. Reynisson, um þrjá mánuði eða til 1. maí 2023."

Tilnefningar samkvæmt framansögðu liggja nú fyrir. Er lagt til að tilnefndir aðilar verðir kallaðir saman til fundar í þeim tilgangi að undirbúa ráðningarferli framkvæmdastjóra Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Samningur við verkefnastjóra hefur nú verið framlengur um þrjá mánuði. Enn fremur stendur nú yfir vinna við gerð stofnsamþykktar fyrir Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses.

Þá liggja fyrir til kynningar drög að áfangastaðaaætlun höfuðborgarsvæðisins 2023-2026 auk minnisblaðs Björns H. Reynissonar verkefnastjóra dags. 3. febrúar 2023.

Niðurstaða:

Tilnefningar stjórnar SSH til stjórnar áfangastaðastofunnar, með fyrirvara um samþykki viðkomandi ráða innan sveitarfélaganna eftir því sem við á, eru eftirfarandi:

*Elísabet Sveinsdóttir, varabæjarfulltrúi í Kópavogi.
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði.
Sævar Birgisson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ.
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík.*

Lagt er til að Þórdís Lóa Þórhallsdóttir verði formaður fyrstu stjórnar áfangastaðastofu.

Tilnefndir varamenn eru:

*Snjólaug Oddsdóttir, varabæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi.
Stella Stefánsdóttir, varabæjarfulltrúi í Garðabæ.*

Stjórn staðfestir fyrirbyggjandi tilnefningu með áðurgreindum fyrirvara.

Framkvæmdastjóra falið að funda með þeim sem tilnefndir hafa verið til að mynda undirbúningshóp fram að formlegri stofnun áfangastaðastofunnar. Hlutverk hópsins er m.a. að undirbúa ráðningu framkvæmdastjóra Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ásamt því að undirbúa önnur verkefni stofunnar sbr. minnisblað framkvæmdastjóra frá 5.janúar sl.

Drög að áfangastaðaaætlun liggja nú fyrir eftir samþykki stefnuráðs og eru samþykkt. Áfangastaðaaætlunin verði send sveitarfélögunum til kynningar.

4. Stjórnsýsla byggðasamlaga - 1912001

Áframhaldandi umræða frá starfsfundi stjórnar hinn 13. janúar 2023 um framhald verkefnis um stjórnsýslu byggðasamlaganna og næstu skref þess en fyrirbyggjandi



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

er tillaga að dagskrá næsta fundar Stefnuráðs byggðasamlaganna.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir tillögu formanna stefnuráðs að dagskrá og tillögum til næsta fundar stefnuráðs sem verður haldinn föstudaginn 3. mars milli kl. 10 og 12.

5. Húsnæðismarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu - 2205006

Fyrirliggjandi er til kynningar samkomulag Reykjavíkurborgar og innviðaráðuneytisins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar f.h. ríkisins um aukið framboð íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á tímabilinu 2023-2032 og fjármögnun uppbyggingar hagkvæmra íbúða og félagslegs húsnæðis. Umræðu um þennan lið var frestað á 549. fundi. Borgarstjóri Reykjavíkur kynnti helstu atriði samkomulagsins og áréttaði mikilvægi þess að sveitarfélögin væru samstíga í húsnæðismálum á höfuðborgarsvæðinu og að borgarráð og borgarstjórn þar sem breiður stuðningur hefði verið við samningsgerðina hefði rætt mikilvægi þess að önnur sveitarfélög gerðu einnig sambærilega samninga.

Niðurstaða:

Umræður

6. Önnur mál - 2110011

1. Að beiðni bæjarstjóra Kópavogsbæjar er kostnaður vegna Samgöngusáttmálans til umræðu.
- Viðræður við ríkið vegna endurskoðunar samkomulags um almenningssamgöngur standa enn yfir en gert er ráð fyrir að haldinn verði sérstakur auka fjarfundur stjórnar SSH vegna þess hinn 13. febrúar nk. kl. 13:00. Þá verði stjórnfyrirkomulag, þ.á.m. skipun fulltrúa í stjórn Betri samgangna ohf., tekið til frekari umræðu fyrir boðaðan aðalfund félagsins í apríl. Umræður um kostnað vegna einstakra framkvæmdaverkefna Samgöngusáttmálans.
2. Kjördæmadagar Alþingis verða 13.-16. febrúar nk. en ákveðið var að halda ekki stóran sameiginlegan fund kjörinna fulltrúa sveitarfélaganna og þingmanna höfuðborgarsvæðisins á vettvangi SSH í þeirri viku heldur í kjördæmaviku að hausti.

Niðurstaða:

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.